

**Bryndís Garðarsdóttir
Sigurlaug Bjarnadóttir**

Úttekt á starfi leikskólans Iðavallar á Akureyri

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, vor 2010

© Bryndís Garðarsdóttir og Sigurlaug Bjarnadóttir

Úttekt á starfi leikskólans Iðavallar á Akureyri

Ágrip

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfi leikskólans Iðavallar á Akureyri. Úttektin tók mið af þeim þáttum sem tilgreindir voru í verksamningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og SRR - Símenntun, rannsóknir og ráðgjöf, í mars 2010. Þar kemur fram að markmið úttektarinnar sé að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla.

Upplýsinga var aflað með viðtölum við stjórnendur leikskólans, rýnihópaviðtölum þar sem þátt tóku fulltrúar starfsmanna, barna og foreldra. Skýrsluhöfundar fylgdust einnig með starfi á vettvangi og greindu skráð gögn um leikskólastarfið.

Niðurstöður úttektar eru að leikskólinn Iðavöllur uppfyllir þau ákvæði sem fram koma í þeim viðmiðum sem lögð voru til grundvallar. Þetta á við um aðstöðu og búnað leikskólans, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og við aðila utan hans. Helstu styrkleikar í starfi leikskólans felast í sveigjanlegum starfsháttum, styrkri stjórn og upplýsingamiðlun. Sérstaða leikskólans felst í faglegu uppeldis- og menntastarfi sem tekur mið af því að gefa börnum fjölbreytt tækifæri til að læra með því að uppgötva og reyna sjálf í gegnum leik. Á Iðavelli ríkir jákvæður og góður starfsandi og starfsmenn bera traust til stjórnenda leikskólans. Foreldrar eru einnig ánægðir með samstarf og áherslur í leikskólastarfinu og telja að börnunum líði vel.

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst og gott þróunarstarf sem að mati skýrsluhöfunda hefur nýst til að þróa og bæta starfshætti í leikskólanum. Þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá Iðavalla gera þó ekki nægilega vel grein fyrir hvað börnin eiga að fást við eða tileinka sér í leikskólastarfinu. Skýr markmið eru grundvöllur þess að hægt sé að leggja mat á einstaka þætti leikskólastarfsins. Við endurskoðun á námskrá leikskólans þarf að huga að þessum þáttum. Einnig þarf að skoða betur þær matsaðferðir sem stuðst er við. Fram kemur að verið er að leita leiða til að meta leikskólastarfið ásamt því að unnið er endurskoðun skólanámskrár. Við þá endurskoðun, og endurskoðun á öðrum skriflegum gögnum, þarf að huga að markvissari framsetningu og inntaki þar sem tekið er mið af tilgangi upplýsinga og hverjum þær eru ætlaðar.

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á starfi leikskólans Iðavallar á Akureyri. Matið var unnið á vegum SRR – Símenntun, rannsóknir og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Bryndís Garðarsdóttir, lektor og Sigurlaug Bjarnadóttir, stundakennari við Menntavísindasvið HÍ.

Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsmönnum, börnum og foreldrum barna á Iðavelli fyrir ánægjulegt samstarf meðan á matinu stóð.

Reykjavík, júní 2010

Bryndís Garðarsdóttir
Sigurlaug Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	4
Inngangur	6
Aðstaða og búnaður	7
Umhverfi, húsnæði, búnaður og námsgögn	7
Samantekt og mat	7
Stjórnun	8
Stöðugildi og menntun starfsmanna	8
Verkaskipting stjórnenda og starfsmanna	8
Fundir og boðskipti.....	9
Starfsmannahandbók.....	9
Samantekt og mat	9
Uppeldis- og menntastarfið	10
Fjöldi barna og skipting á deildir	10
Skólanámskrá.....	10
Daglegt líf.....	11
Leikur.....	12
Námssvið og námsþættir	12
Mat á leikskólaskólastarfinu	12
Samantekt og mat	13
Samskipti, samstarf og starfsandi	14
Samskipti milli starfsmanna.....	14
Samskipti barna og starfsmanna.....	15
Samstarf og samskipti við umhverfi skólans	16
Samstarf við foreldra.....	16
Viðhorf foreldra.....	16
Aðrir samstarfsaðilar	17
Samantekt og mat	17
Lokaorð	18
Styrkleikar í starfi leikskólans	18
Það sem betur má fara	19
Heimildir	20
Listi yfir þróunarverkefni.....	20

Inngangur

Leikskólinn Iðavöllur tók til starfa árið 1959. Leikskólinn er fjögurra deilda og er staðsettur við Gránufélagsgötu á Akureyri. Rekstraraðili leikskólans er Akureyrarbær og samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 fer skólanefnd með málefni leikskólans í umboði bæjarstjórnar.

Heildarstöðugildi í leikskólanum eru 19.40. Stöðugildi vegna stjórnunar eru 1,20. Leikskólastjóri Iðavallar er Kristlaug Þ. Svavarsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Gerður Gísladóttir.

Í samningi sem gerður var við skýrsluhöfunda í mars 2010, kemur fram að markmið úttektar sé að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Meðal atriða sem úttektin skyldi beinast að voru stjórnun og skipulag skólastarfsins ásamt innra og ytra mati leikskólans.

Gagnaöflun

Gagna vegna matsins var aflað með viðtölum við einstaklinga og fámenna hópa, vettvangsathugunum og greiningu skráðra gagna. Fundir voru haldnir með stjórnendum leikskólans, þremur rýnihópum sem skipaðir voru fulltrúum deilda og fulltrúum foreldra. Leitað var eftir viðhorfum barna með hópviðtölum og þátttökuathugunum. Þátttakendur í rýnihópunum voru alls átján en auk þess var rætt óformlega við börn og starfsmenn¹ samhliða þátttökuathugunum. Skráð gögn sem stuðst var við voru m.a. skólanámskrá, starfsmannahandbók, handbók um skólabyrjun og aðlögun, handbók foreldra og niðurstöður könnunar á viðhorfi foreldra til leikskólastarfsins.

¹ Í þessari skýrslu er hugtakið notað bæði yfir faglærða og ófaglærða starfsmenn

Aðstaða og búnaður

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi leikskólans Iðavallar í heimsóknum sínum á vettvangi. Eftirfarandi lýsing er afrakstur vettvangsathugana og viðtala við starfsmenn og foreldra.

Umhverfi, húsnæði, búnaður og námsgögn

Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla (nr. 665/2009) er kveðið á um að við skipulag og hönnun leikskóla skuli leitast við að tryggja börnum og starfsfólki öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Er þar sérstaklega átt við hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu og fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og öðrum búnaði. Þær viðmiðanir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar voru hvort aðstaða og búnaður væri samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi leikskóla og áherslum í aðalnámskrá leikskóla. Þar segir m.a. að skipulag og búnaður leikskóla eigi að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Börn þurfi vandaðan og fjölbreytilegan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa (Menntamálaráðuneytið, 1999).

Leikskólinn Iðavöllur er fjögurra deilda, staðstettur í miðju íbúðahverfi á Eyrinni. Hver deild hefur til umráða tvær leikstofur auk sameiginlegs rýmis í miðju hússins. Leikefni eru ýmsar tegundir kubba, spil, púsluspil, perlur, dýr, efniviður til hlutverkaleiks, tölvur o.fl. Lögð er áhersla á að nýta verðlaust efni sem til fellur bæði sem leik og föndurefni. Skapandi verk og teikningar barnanna prýða umhverfi leikskólans. Miðrýmið er opið svæði milli deilda og starfsmannarýmis og er það nýtt á fjölbreyttan hátt; borðsalur, kubbasvæði, smiðjur, tölvusvæði o.fl. Fataherbergi eru tvö, í sitthvorum enda hússins, fyrir yngri börnin í öðrum endanum og eldri í hinum. Önnur vinnusvæði starfsmanna eru skrifstofa leikskólastjóra, setustofa, eldhús, sérkennsluherbergi og tvö vinnuherbergi.

Samantekt og mat

Skýrsluhöfundar telja húsnæði leikskólans vera bjart og rúmgott. Heimastofur barnanna eru ekki stórar en skipulagðar þannig að gott rými skapast til hreyfingar og leiks, þar sem stólar og borð hafa að mestu verið flutt í miðrýmið. Leikefni er staðsett þannig að börnin geti nálgast það sjálf. Börn og starfsmenn borða í miðrými leikskólans, tvær og tvær deildir í einu en þannig nýtist rýmið betur, meiri ró er í matmálstímum og því betri tækifæri til samskipta.

Stjórnun

Í viðtölum við stjórnendur og starfsmenn var leitað eftir upplýsingum um fjölda og menntun starfsmanna, fundi, boðskipti og verkaskiptingu. Hér á eftir verður vikið að helstu atriðum sem fram komu í þessum viðtölum svo og í þeim skriflegu gögnum sem skýrsluhöfundar höfðu aðgang að.

Stöðugildi og menntun starfsmanna

Heildarstöðugildi í leikskólanum eru 19.40 og þeim gegna 26 starfsmenn. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru með leikskólakennaramenntun. Auk þess starfa í leikskólanum leikskólakennarar, grunnskólakennari, starfsmenn með BA próf í sálfræði og félagsfræði og fjórir leiðbeinendur. Í eldhúsi starfa fjórir starfsmenn, deildarstjóri eldhúss er menntaður matartæknir.

Verkaskipting stjórnenda og starfsmanna

Í starfslýsingum Félags leikskólakennara segir m.a. um hlutverk leikskólastjóra að hann sé faglegur leiðtogi og að meginverkefni hans sé að stjórna daglegri starfsemi leikskólans, gerð námskrár, ársáætlunar, ársskýrslu og mati á starfsemi leikskólans. Einnig að sjá um miðlun upplýsinga til deildarstjóra, að deila verkefnum og ábyrgð til starfsmanna og gera símenntunaráætlun (Kennarasamband Íslands, 2006).

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa með sér ákveðna verkaskiptingu.

Leikskólastjóri ber heildarábyrgð á starfsemi og rekstri leikskólans, skipuleggur fundi og upplýsingagjöf til deilda. Aðstoðarleikskólastjóri hefur yfirsýn yfir starfsmannahald hvað varðar fjarvistir og þörf á afleysingu. Deildarstjórar bera ábyrgð á sinni deild, skipuleggja undirbúningstíma starfsmanna og styttri fjarvistir. Aðstoðarleikskólastjóri vinnur einn dag í viku inn á hverri deild í þeim tilgangi að styrkja tengsl stjórnenda við daglegt starf deilda og á milli deilda ásamt því að vera faglegur ráðgjafi. Í því felst að fá innsýn í starf deildanna og koma með ábendingar t.d. varðandi skipulag og starfshætti tengda barnahópnum eða einstökum börnum.

Stjórnendur leggja áherslu á að treysta starfsmönnum til verka og að hver og einn finni til ábyrgðar gagnvart sjálfum sér. Í fyrstu segja þeir að ríkt hafi mikið regluveldi sem fól í sér að settar voru og gerðar sýnilegar reglur um starfshætti og umgengni. Smám saman hefur dregið úr þessu og í dag er höfðað til ábyrgðar hvers og eins um að fylgja þeim reglum

sem gilda og áherslum sem starfshópurinn hefur sameinast um. Fram kemur að hópurinn sem nú starfar á Iðavelli hefur starfað lengi saman og að hver deild hefur komið sér upp ákveðnum áherslum og vinnulagi út frá aldri barnanna. Stjórnendur leggja þó áherslu á að hver deild tekur við nýjum barnahópi á hverju hausti og því sé ekki sjálfgefið að viðhafa sömu vinnubrögð frá árinu áður.

Fundir og boðskipti

Deildarstjórafundir eru haldnir vikulega þar sem upplýsingum er miðlað, rætt um og teknar ákvarðanir um það sem framundan er. Deildarstjórar bera ábyrgð á að miðla efni fundanna til sinna starfsmanna en einnig ber hver og einn starfsmaður ábyrgð á að kynna sér fundargerð sem hengd er upp í vinnuherbergi starfsmanna. Á deildarfundum, sem eru tvisvar í mánuði, eru málefni hversrar deildar rædd s.s. skipulag, einstök börn og barnahópurinn. Einn námskeiðsdagur og tveir skipulags dagar eru á ári ásamt fjórum starfsmannafundum, sem haldnir eru síðdegis. Leikskólastjóri býður upp á starfsmannaviðtal einu sinni á ári þar sem starfsmenn fá tækifæri til að meta eigin frammistöðu og líðan í starfi ásamt því að koma með óskir varðandi eigin starfsþróun. Einnig ræðir leikskólastjóri það sem hann vill koma á framfæri við einstaka starfsmenn.

Starfsmannahandbók

Í starfsmannahandbók er gerð grein fyrir starfsmannastefnu leikskólans, skipuriti og starfslýsingum, boðleiðum innan leikskólans og til foreldra, móttökuáætlun nýrra starfsmanna, ýmsum reglum sem gilda í leikskólanum o.fl.. Í handbók um skólabyrjun og aðlögun er farið yfir móttöku nýrra foreldra og hlutverk starfsmanna í því ferli. Á meðan á aðlögun stendur er foreldrum afhent handbók foreldra þar sem gerð er grein fyrir stefnu leikskólans. Einnig má þar nálgast ýmsar hagnýtar upplýsingar varðandi starfsemi leikskólans t.d. dagskipulag, máltíðir, klæðnað o.fl. (Leikskólinn Iðavöllur, 2010).

Samantekt og mat

Hjá starfsmönnum kemur fram almenn ánægja með stjórnun og upplýsingastreymi innan leikskólans. Skipulag funda, skráðar upplýsingar um skipulag og starfshætti, ásamt reglulegri umræðu um áherslur í starfi séu í góðum farvegi. Starfsmenn telja stjórnun og starfshætti vera lýðræðislega, í leikskólanum ríki gagnkvæm virðing, sveigjanleiki og ákveðið frjálrsræði. Nefnt er að vel sé tekið í hugmyndir, þær ræddar og starfsmenn hvattir til að fylgja þeim eftir, í því felist mikil ögrun. Í máli stjórnenda kemur fram að þeir eru

ánægðir með starfsmannahópinn og telja starfsmenn vera ábyrga og áhugasama um að þróa starfshætti.

Uppeldis- og menntastarfið

Upplýsinga um uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum Iðavelli var aflað með viðtölum, skoðun skráðra gagna og vettvangsathugunum.

Fjöldi barna og skipting á deildir

Heildarfjöldi barna í leikskólanum er 81 og skiptast börnin á fjórar deildir með eftirfarandi hætti:

- Álfheimur er ætluð tveggja ára börnum. Þar eru 20 börn.
- Glæðheimur er ætluð þriggja ára börnum. Þar eru 19 börn.
- Þrymheimur er ætluð fjögurra ára börnum. Þar eru 22 börn.
- Jötunheimur er ætluð fimm ára börnum. Þar eru 20 börn.

Iðavöllur er eini leikskólinn á Akureyri sem er með aldursskiptar deildir og telja starfsmenn það skapa leikskólanum ákveðna sérstöðu. Þannig sé hægt að skipuleggja umhverfi hvernar deildar með tilliti til aldurs og aldursskipting auðveldi gerð einstaklingsnámskráa. Leikskólakennarar telja að slíkt fyrirkomulag auðveldi skipulagningu á starfi og deildirnar hafi meiri möguleika á að sérhæfa sig.

Skólanámskrá

Í aðalnámskrá leikskóla segir að leikskólastjóri beri ábyrgð á heildarstefnu skólanámskrár í samræmi við lög og reglur. Til að ná sem bestum árangri og auka líkur á að framfylgja þeim áætlunum sem gerðar eru, skuli allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og þekkingar (Menntamálaráðuneytið, 1999).

Skólanámskrá Iðavallar er frá árinu 2005. Þar koma fram einkunnarorð leikskólans „Þar er leikur að læra“ sem jafnframt er stefna leikskólans og miðar að því að gefa börnunum fjölbreytt tækifæri til að læra með því að leika og uppgötva í gegnum leik og samskipti.

Meginmarkmið leikskólans eru að :

- öllum líði vel í leikskólanum, börnum, starfsmönnum og foreldrum,
- jákvæð samskipti séu ríkjandi og hver einstaklingur fái að njóta sín,

- fjölbreytt og gott samstarf sé við fjölskyldur barnanna.

Leiðir að markmiðum eru m.a. áherslan á að virða getu og hæfileika hvers og eins, ferli náms fremur en útkomu, að kanna umhverfið, samvinnu, og fullorðna sem fyrirmyndir (Leikskólinn Iðavöllur, 2005). Leikskólinn hefur sett sér umhverfisstefnu þar sem markmiðið er að nýta sem flest tækifæri til að kynnast nánasta umhverfi leikskólans, flokka og nýta þann efnivið sem til fellur til leiks og sköpunar.

Í gegnum árin hafa verið unnin mörg þróunarverkefni í leikskólanum og að sögn leikskólustjóra hafa sum þeirra fest sig í sessi í daglegu starfi á meðan önnur hafa átt styttri líftíma. Fyrsta þróunarverkefnið, *Þar er leikur að læra*, tengdist tölvunotkun barna þar sem eitt af markmiðunum var að líta á tölvur sem leikfang og verkfæri sem tengja mætti við öll námssvið leikskólans. Önnur verkefni sem unnin hafa verið eru *Bjfröst - brú milli heima*, þar sem markmiðið var að efla tengsl og samstarf við foreldra, *Menningarlegur margbreytileiki*, þar sem markmiði var að auka víðsýni og skilning á ólíkri menningu, *Fimm ára og fær í flestan sjó*, markmið þess var að draga fram hvernig börn tileinka sér þekkingu í gegnum leik með áherslu á lestrar-, ritunar- og stærðfræðináms elstu barnanna og starfsaðferðir kennara (Leikskólinn Iðavöllur, 2005). Þrátt fyrir öflugt þróunarstarf segir leikskólustjóri að þörf sé á að skerpa á þeim markmiðum sem stefnt skal að. Hver deild hafi sínar áherslur en ekki nægilega skýr eða sameiginleg markmið fyrir hvern námsþátt fyrir sig. Það er mat bæði stjórnenda og starfsmanna að skólanámskráin endurspegli ekki nægilega vel áherslur og daglegt starf Iðavallar. Nú stendur yfir endurskoðun á námskránni.

Daglegt líf

Það sem heyrir m.a. undir daglegt líf í leikskóla eru matmálstímar, hreinlæti, hvíld og að klæða sig úr og í (Menntamálaráðuneytið, 1999). Í skólanámskrá er ekki fjallað sérstaklega um markmið með þessum þáttum en fram kemur að lögð er áhersla á að börnin verði sjálfbjarga. Þetta felur í sér að skammta sér sjálf mat, smyrja og ganga frá í matartíma, að klæða sig og ganga frá fatnaði, að hlusta og fara eftir reglum (Leikskólinn Iðavöllur, 2005). Í athugunum á vettvangi kemur í ljós að vel er staðið að þessum þætti. Börn og starfsmenn borða saman þar sem áherslan er á börnin temji sér ákveðna borðsiði og verði sjálfbjarga. Að loknum hádegisverði eru næðisstundir, yngri börnin sofa en þau eldri fara í málörvunarstundir eða húslestur, þar sem lesin er framhaldssaga. Í fataherbergi er lögð

áhersla á að fámennir hópar séu þar samtímis þannig að börnin fái góðan tíma og rými til þess að klæða sig.

Leikur

Í námskrá Iðavallar kemur fram að í öllu skipulögðu starfi sé áhersla á leik sem meginnámsleið barnsins og að börnunum séu skapaðar góðar aðstæður og tími til leiks. Lögð er til grundvallar sú sýn að mikilvægt sé að ýta undir hæfni barna til að sjá ný tengsl og koma fram með nýstárlegar hugmyndir. Í því felst að börnin fái fjölbreytt tækifæri til að læra, með því að uppgötva og reyna sjálf út frá áhuga hvers og eins (Leikskólinn Iðavöllur, 2005).

Námssvið og námsþættir

Í aðalnámskrá leikskóla (1999) kemur fram að námssvið leikskóla séu áhersluþættir í leikskólauppeldi. Námssviðin eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og lífsleikni.

Í skólanámskrá kemur fram að starf tengt áherslum námssviða er samþætt leik og öllu daglegu starfi. Sem dæmi má nefna að lögð er áhersla á að efla færni barnsins til að tjá sig á fjölbreyttan hátt t.d. með sögugerð, leiklist, vísum og rími. Í myndsköpun hafa börnin aðgang að fjölbreyttum efniviði þar sem markmiðið er að þau kynnist mismunandi eiginleikum, geri tilraunir með efnið, ræði hugmyndir sínar og skapi á eigin forsendum. Þannig er lögð meiri áhersla á ferli sköpunarinnar fremur en útkomu. Í leikskólanum er grænmetisgarður og taka börnin þátt í gróðursetningu og umhirðu garðsins. Einnig hafa þau fiska og kanínur og skiptast börnin á að annast þau og gefa þeim að borða. Dæmi um fasta liði sem tengjast menningu leikskólans má nefna foreldra- og fjölskyldukaffi, afmæli, vorhátíð, þorablót o.fl.

Mat á leikskólastarfinu

Í reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitastjórna um skólahald (nr. 893/2009) segir að hver leikskóli skuli leggja mat á árangur og gæði skólastarfsins. Matið skal vera samofið annarri starfsemi leikskóla og skulu starfsmenn, foreldrar og börn taka þátt í því eftir því sem við á.

Mat á leikskólastarfinu fer fram á starfsmannafundum, þar ræða starfsmenn sameiginlegar áherslur og framkvæmd starfsins hverju sinni. Skráningar eru notaðar til að fá yfirsýn yfir

líðan barns í leikskóla, samskipti, sjálfshjálp, styrkleika og áhugasvið. Í upphafi leikskóladvalar fá foreldrar afhenda bók barnsins, *Völuskerín*, þar sem ofangreindar upplýsingar um barnið eru skráðar. Skráningarnar eru grunnur að upplýsingamiðlun til foreldra, á milli deilda, til heilsugæslu og grunnskóla við upphaf grunnskólagöngu barnsins (Leikskólinn Iðavöllur, 2007). Greiningartækið Hljóm - 2 er notað til að greina hljóð- og málvitund allra 5 ára barna.

Árlega eru foreldrar beðnir um að fylla út skriflegt mat á starfi hvernar deildar þar sem m.a. er spurt um upplifun barna og foreldra af leikskólastarfinu, samstarf og upplýsingamiðlun. Sameiginleg viðhorfskönnun á vegum skóladeildar Akureyrar er lögð fyrir annað hvert ár og er það eina formlega matið sem framkvæmt er af rekstraraðila. Leikskólafulltrúi og leikskólaráðgjafi heimsækja leikskólann tvisvar á ári og meta þætti eins og samskipti og skólanámskrá ásamt því að fylgja eftir skólafulltrú Akureyrar.

Samkvæmt lögum skulu sveitarfélög sinna mati og eftirlit með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um skólalag þar með talið innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólafulltrúa og áætlanir um umbætur (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Á vegum skóladeildar Akureyrar er verið að vinna að formlegri stefnu um mat og eftirlit, samkvæmt ofangreindum lögum og reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum (Munnleg heimild: Björg Sigurvinsdóttir, leikskólafulltrúi, 3. júní 2010).

Samantekt og mat

Meginmarkmið Iðavallar eru vellíðan barna og fullorðinna, jákvæð samskipti og að hver einstaklingur fái að njóta sín og að samstarf við fjölskyldur barnanna sé fjölbreytt og gott. Lögð er áhersla á að virða getu og hæfileika einstakra barna, og að koma til móts við þörf þeirra fyrir að kanna og rannsaka í gegnum leik. Í viðtölum við stjórnendur, starfsmenn og foreldra kemur fram ánægja með áherslur og leiðir í starfi leikskólans.

Að mati skýrsluhöfunda tekst starfsmönnum að skapa umhverfi sem ýtir undir sjálfræði og samvinnu barna og stuðlar að vellíðan barna og fullorðinna. Dagskipulag er sveigjanlegt þar sem nær einu föstu tímasetningarnar eru tengdar matmálstímum. Yfirbragð í daglegu starfi einkennist af sveigjanleika þar sem forsendur barnanna eru í fyrirrúmi. Þannig ræður áhugi einstakra barna eða barnahópsins hverju sinni því hvað verið er að fást við. Sem dæmi um þetta er „sjóræningjaþema“ sem kviknaði á meðal elstu drengjanna á Jötunheimi og var í fyrstu bara unnið þar en smitaðist síðan yfir á aðrar deildir. Vel er

staðið að starfi tengdu námssviðum leikskólans og þau samofin daglegu starfi og áhuga barnanna hverju sinni. Þetta samræmist vel þeirri sýn sem fram kemur í aðalnámskrá leikskóla um skörun námssviða.

Af viðtölum við starfsmenn, vettvangsathugunum og þeim skráðu gögnum sem skoðuð hafa verið má ráða að í uppeldis- og menntastarfinu sé þeim áherslum sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla vel sinnt. Starfsmenn eru meðvitaðir um hvernig börn læra, þátt umhverfis í námi þeirra og starfshætti sem stuðla að leik og rannsóknarvinnu barnanna. Í aðalnámskrá leikskóla segir að í skólanámskrá skuli gera grein fyrir því hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá setur (Menntamálaráðuneytið, 1999). Þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá Íðavalla snúa að samskiptum og vellíðan barna og fullorðinna. Í umfjöllun um aðra þætti t.d. námssvið leikskóla og daglegt líf eru nefndar leiðir en markmið eru óljós. Þetta leiðir til þess að erfiðara er að fá heildaryfirlit yfir starfsemi leikskólans þ.e. hvað börnin eigi að fást við eða tileinka sér. Skýr markmið eru grundvöllur þess að hægt sé að leggja mat á leikskólastarfið, styrkja það sem vel gengur og bæta úr því sem miður fer. Við endurskoðun á námskrá leikskólans þarf að huga að þessum þáttum.

Samskipti, samstarf og starfsandi

Skýrsluhöfundar leituðu eftir upplýsingum um samstarf og samskipti í viðtölum við börn og starfsmenn ásamt því að fylgjast með samskiptum á vettvangi. Hér á eftir verður vikið að samskiptum í starfsmannahópnum, samskiptum fullorðinna og barna og samskiptum í barnahópnum.

Samskipti milli starfsmanna

Í starfsmannhandbók kemur fram að leiðarljós starfsmannahópsins sé góður starfsandi, starfsgleði, traust og trúnaður (Leikskólinn Íðavöllur, 2010). Starfsmenn eru almennt sammála um að góð samvinna, sveigjanleiki og starfsandi séu ríkjandi í leikskólanum. Þeir leggja áherslu á að ábyrgðin sé sameiginleg og því sé ekki um eiginlega verkaskiptingu að ræða á milli fagfólks og leiðbeinenda. Reglulegir fundir, þar sem rætt er um áherslur og starfshætti ásamt skráningu og miðlun upplýsinga telja þeir vera forsendu hnökralausra samskipta. Að sögn starfsmanna er oft tekist á á fundum en almennt tekið vel í hugmyndir, þær jafnvel prófaðar en líka viðurkennt að hópurnir þurfi ekki að vera

sammála í öllu. Sveigjanleiki og rými til að vinna að því sem starfsmenn hafa áhuga á er jákvætt og ögrandi að þeirra mati.

Starfsmannahópur leikskólans er fjölbreyttur. Þar starfa leikskólakennarar, starfsmenn með aðra háskólamenntun og reyndir leiðbeinendur. Leikskólastjóri telur að samsetning og fjölbreytileiki starfsmannahópsins auðgi leikskólastarfið og hafi áhrif á starfshætti og menningu leikskólans. Í leikskólanum starfa bæði karlar og konur þannig að málefni og starfshættir einkennast af sjónarmiðum beggja kynja.

Samskipti barna og starfsmanna

Í námskrá Iðavalla kemur fram að starfsmenn vill leggja áherslu á virðingu, nálægð, hlýju og umhyggju í daglegu starfi. Í viðtölum við starfsmenn kemur fram að þeir telja sig ganga út frá styrkleikum og áhuga barnanna og að skipulag daglegs starfs miði að því að hlusta á þau og þeirra hugmyndir.

Viðhorf barna

Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) er áhersla á þátttöku barna og lýðræðislegt samstarf. Skýrsluhöfundar tóku viðtöl við sex börn í þeim tilgangi að fá fram þeirra upplifun af leikskólastarfinu. Aðspurð um hvað sé skemmtilegt í leikskólanum nefna börnin leikfimi, að leika úti, fara í gönguferðir og gefa öndunum, fara á bókasafnið og gefa kanínunum að borða. Börnin segjast læra um sjóræningja, dýr, að þekkja bókstafina, að vera ekki með dónaskap og að vera góð við dýr. Þau smíði og sagi í leikskólanum, máli það sem þau hafi búið til ásamt því að hlusta á tónlist. Samskipti og vinátta skipta börnin máli og nefnt er að skemmtilegast sé að „eiga góðan vin og þegar einhver á afmæli“. Það sem börnin nefna sem leiðinlegt er þegar einhver er að meiða eða stríða. Í samtölum við börnin má greina að þau upplifa starfið sem leik eins og upplifun eins barnsins af málörvunarstund ber með sér: „... uppáhalds þegar við vorum að gera stafina því þá kom svo margt fyndið.“

Af viðtölum við börnin og athugunum á vettvangi má greina jákvætt viðhorf þeirra til leikskólans og því sem þau eru að fást við. Samskipti þeirra í milli og við fullorðna einkennast af gagnkvæmri virðingu og í daglegu starfi er tekið mið af áhuga barnanna og þeim gefinn tími og frelsi til að velja sér viðfangsefni.

Samstarf og samskipti við umhverfi skólans

Þeir þættir sem aðallega var horft til í tengslum við samstarf og samskipti við umhverfi leikskólans voru samskipti við foreldra barnanna og aðila utan leikskólans.

Skýrsluhöfundar leituðu upplýsinga um markmið og leiðir í foreldrasamstarfinu í viðtölum við fulltrúa foreldra, við leikskólastjóra og starfsmenn leikskólans. Einnig var stuðst við rituð gögn eins og skólanámskrá, handbók foreldra, niðurstöður viðhorfskönnunar á meðal foreldra og starfsmannahandbók.

Samstarf við foreldra

Í Skólanámskrá Iðavallar koma fram markmið með samstarfi við foreldra séu að auka upplýsingastreymi milli heimilis og leikskóla, stuðla að jákvæðum samskiptum og þátttöku foreldra í starfi leikskólans og gefa foreldrum aukin tækifæri til að fá innsýn í starf barnsins í leikskólanum (Leikskólinn Iðavöllur, 2005).

Almennt er samstarfið talið gott og samskiptin jákvæð. Samstarfið fer einkum fram í daglegum samskiptum, í gegnum heimasíðu leikskólans en einnig í skipulögðu starfi s.s. á kynningarfundum deilda, foreldrafundum, bónda- og konudagskaffi og í einstaklingsviðtölum. Hver deild hefur sína upplýsingatöflu og gefur út dagatal fyrir hvern mánuð. Þróunarverkefnið *Bifrost - brú milli heima* hafði það að markmiði að efla tengsl við foreldra og gefa þeim tækifæri til að fá innsýn í daglegt líf barnsins í leikskólanum. Hvert barn á sína vefsíðu þar sem haldið er utanum myndir, skráningar og feril barnsins í leikskólanum. Viðhorfskönnun hefur verið lögð fyrir foreldra annað hvert ár. Í niðurstöðum síðustu könnunar (2008) má sjá að foreldrar eru mjög ánægðir með starfsemi leikskólans. Einnig meta starfsmenn það svo að samstarf við foreldra sé gott. Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og er markmið þess að efla tengsl foreldra og starfsmanna, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja sem best velferð barnanna. Félagið stendur fyrir fyrirlestrum, ýmsum uppákomum og ferðum. Einnig hafa foreldrar styrkt leikskólann til kaupa á ýmsum kennslugögnum og leikföngum.

Viðhorf foreldra

Í viðtölum við fulltrúa foreldra kemur fram mikil ánægja og jákvætt viðhorf til leikskólustarfsins. Þeir telja sig þekkja vel það starf sem fram fer í leikskólanum og eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsmanna. Þeir segja auðvelt að nálgast upplýsingar

um barnið og að það sé kostur að allir starfsmenn þekki öll börn sem auðveldi bæði börnum og foreldrum flutning á milli deilda. Helstu kosti leikskólans telja þeir vera að leikskólinn starfi sem ein heild og að unnið sé út frá forsendum og áhuga barnanna. Nefna þeir sem dæmi þemavinnu þar sem viðfangsefnið var hvalir, sem kom til vegna umræðna barnanna um hvali. Þannig hafi verið komið til móts við áhuga þeirra og þau haft áhrif á hvað gert var. Foreldrar telja að í leikskólanum sé unnið faglegt og gott starf þó svo að þau telji sig ekki beint hafa forsendur til að meta það aðra en reynslu frá öðrum leikskólum bæði hérlendis og erlendis. Það sem skipti börnin máli, að þeirra mati, sé að leika við félagi sína, útivera og umönnunn dýranna. Hátt hlutfall leikskólakennara telja þeir vera það sem markar leikskólanum ákveðna sérstöðu og forsendu fyrir faglegu starfi og nefnt er að leikskólakennararnir séu mikilvægar fyrirmyndir fyrir ófaglærða starfsmenn leikskólans í starfsháttum og daglegu starfi. Samstarf Iðavallar og Oddeyrarskóla telja þeir einnig vera jákvætt og það auðveldi börnunum flutning á milli skólastiga.

Aðrir samstarfsaðilar

Iðavöllur er í samstarfi við ýmsar stofnanir Akureyrar s.s. skóladeild, fjölskyldudeild, heilsugæslustöðina, Oddeyrarskóla, tónlistarskólann, slökkvilið Akureyrar og aðra leikskóla á Akureyri. Einnig hefur leikskólinn verið í samstarfi við Háskólann á Akureyri sem felst í því að nemendur háskólans eru í vettvangsnámi þar sem þeir fá tækifæri til að kynna sér starfshætti leikskólans og vinna verkefni. Iðavöllur er virkur þátttakandi í norrænu vinarbæjarsamstarfi og hefur sent fulltrúa á norrænar ráðstefnur frá árinu 2000. Starfsmenn Iðavallar tóku þátt í að halda tvær norrænar ráðstefnur, árin 2003 og 2007.

Samantekt og mat

Í viðtölum við foreldra, starfsmenn leikskólans og í niðurstöðum viðhorfskönnunar á meðal foreldra kemur fram mikil ánægja með samskipti og samvinnu starfsmanna og foreldra. Lögð er áhersla á að upplýsa foreldra um leikskólastarfið í gegnum dagleg samskipti, upplýsingatöflur í fataherbergjum, foreldraviðtöl og heimasíðu leikskólans. Foreldrar telja að börnunum líði vel og að unnið sé gott og faglegt starf í leikskólanum. Annað hvert ár er gerð viðhorfskönnun á vegum skóladeildar Akureyrar ásamt því að leikskólinn kannar árlega viðhorf foreldra til vetrarstarfs hverrar deildar. Að öðru leyti koma foreldrar ekki með formlegum hætti að mótun eða skipulagningu leikskólastarfsins.

Lokaorð

Niðurstöður matsins sýna að leikskólinn Iðavöllur uppfyllir þau ákvæði sem fram koma í þeim viðmiðum sem lögð voru til grundvallar. Þetta á við um aðstöðu og búnað leikskólans, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og við aðila utan hans. Helsti styrkur leikskólans felst í sveigjanlegum starfsháttum, styrkri stjórn og upplýsingamiðlun. Sérstaða leikskólans felst í faglegu uppeldis- og menntastarfi sem tekur mið af því að gefa börnum fjölbreytt tækifæri til að læra með því að uppgötva og reyna sjálf í gegnum leik. Á Iðavelli ríkir jákvæður og góður starfsandi og starfsmenn bera traust til stjórnenda leikskólans. Foreldrar eru einnig ánægðir með samstarf og áherslur í leikskólastarfinu og telja að börnunum líði vel.

Þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá Iðavalla gera, að mati skýrsluhöfunda, ekki nægilega vel grein fyrir hvað börnin eiga að fást við eða tileinka sér í leikskólastarfinu. Við endurskoðun á skólanámskrá þarf að setja fram á aðgengilegri hátt markmið og leiðir í leikskólastarfinu í þeim tilgangi að gera áherslur skýrari.

Það er von skýrsluhöfunda að niðurstöður mats þessa, bæði það sem dregið hefur verið fram sem styrkleikar í starfi leikskólans en einnig það sem betur má fara, nýtist til frekari uppbyggingar í starfsemi Iðavallar. Hér á eftir verða dregnir fram helstu styrkleikar í starfi leikskólans ásamt því sem betur má fara.

Styrkleikar í starfi leikskólans

- Skýr stjórnun og góð upplýsingamiðlun
- Starfsmenn bera traust til stjórnenda
- Starfsmenn er meðvitaðir um hvert stefnt skal að í daglegu starfi
- Áhrif og samábyrgð starfsmanna í daglegu starfi, skipulagi og þróun leikskólastarfsins er tryggð
- Fagleg þekking og fjölbreyttur starfsmannahópur
- Sveigjanleiki í skipulagi og starfsháttum þar sem tekið er mið af áhuga barna
- Fámennir barnahópar á deild
- Foreldrar eru ánægðir, telja að börnunum líði vel og að upplýsingamiðlun sé góð
- Húsnæði er vel skipulagt

Það sem betur má fara

- Skólanámskrá þarf að vera markvissari m.t.t. markmiða, leiða og í daglegu starfi
- Innra mat leikskólans þarf að vera markvissara og sýnilegra
- Framsetning og innihald skriflegra gagna þarf að vera markvissara

Heimildir

- Kennarasamband Íslands.(2006). Kjarasamningur Félags leikskólakennara og launanevndar sveitarfélaga. *Starfsbýsingar*. Reykjavík: Höfundur
- Leikskólinn Iðavöllur (2005). *Urður. Námskrá leikskólans Iðavallar*. Akureyri: Höfundur.
- Leikskólinn Iðavöllur. (2007). *Völuskrín*. Akureyri: Höfundur.
- Leikskólinn Iðavöllur. (2010). *Skuld. Starfsmannabandbók*. Akureyri: Höfundur.
- Lög um leikskóla, nr. 90/2008*.
- Menntamálaráðuneytið (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og uppbýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald nr. 893/2009)*
- Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla, nr. 665/2009*.
- Skóladeild Akureyrar. (2008). *Niðurstöður úr viðhorfskönnunar á meðal foreldra*. Akureyri: Höfundur.

Listi yfir þróunarverkefni

- Þar er leikur að læra [án árt.].
- Menningarlegur margbreytileiki. (2004)
- Bifröst - brú milli heima. (2005)
- Fimm ára og fær í flestan sjó. (2008)